

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 29. júní 2022
UST202206-173/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Eyjarland - Bláskógabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Eyjarland í Bláskógabyggð.

Í greinargerð kemur fram tillagan nær til 3,3 ha svæðis sem liggur austan Laugarvatnsvegar. Þar er verið að ala seiði frá hrognum í gönguseiðastærð. Þá eru þau flutt annað þar sem þau eru alin í sláturstærð. Framleiðsla má vera allt að 20 tonna lífmassi.

Umfang

Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðili hefur sent Skipulagsstofnun fyrirspurn um matsskyldu vegna stækkunar seiðaeldisstöðvarinnar. Samkvæmt henni áformar rekstraraðili að í stöðinni verði hægt að vera með 25 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Stofnunin bendir á að ef deiliskipulag gerir ráð fyrir 20 tonna lífmassa mun umfang í starfsleyfi takmarkast við það.

Frárennsli

Í tillögunni kemur fram að afrennsli frá eldisstöð renni í gegnum tvær setþrær á lóð eldisstöðvar og þaðan um 3,4 km leið út í Apavatn. Umhverfisstofnun bendir á að í eftirliti stofnunarinnar hefur komið fram að í fyrri settjörnninni er fiskur sem ætlað er að éta upp þær fódurleifar sem falla til úr stöðinni. Því er ekki um eiginlega settjörn að ræða heldur má telja fyrri tjörnina sem eldisrými og magn þess fisks sem þar er telst inn í framleiðslutölur stöðvarinnar.

Í tillögunni kemur fram að fyrst rennur afrennsli frá settjörnum í opnum skurði um 1.200 metra vegalengd í Djúpin, sem er þverá í Grafará, sem rennur í Apavatn og að farvegur afrennslis um Djúpin og Grafará er um 2.200 metrar að lengd.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að skurðirnir séu sýndir á skýringaruppdrætti og helstu örnefni sé merkt inn.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta

ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið.

Úrgangur

Í tillögunni segir að verði ekki mögulegt að nýta lífrænan úrgang verði hann urðaður á löggiltum urðunarstað. Umhverfisstofnun vill benda á að mikilvægt er að finna góðan farveg fyrir lífrænan úrgang þar sem hann er endurnýttur, en skv. stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum sem kom út sumarið 2021 og nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi* verður bannað að urða lífrænan úrgang á næstu árum. Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi um fráveitu- og fastefnismeðhöndlun fiskeldisstöðva á landi.¹

Í þessu samhengi má jafnframt benda á að förgun er síðust í forgangs röðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá munu, þann 1. janúar 2023, lög nr. 103/2021 um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs taka gildi. Með nýjum lögum er einstaklingum og lögaðilum skylt að flokka heimilisúrgang. Hvorki verður þá heimilt að urða né senda til brennslu, m.a. lífúrgang sem hefur verið sérstaklega safnað, nema þann úrgang sem eftir verður og hentar hvorki til endurnotkunar né endurvinnslu og brennslu, eða eftir atvikum urðun, er sá kostur sem skilar bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

¹[Leiðbeiningaskjal \(ust.is\)](http://ust.is)